

REGLUGERÐ

um verðjöfnun við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráfni.

1. gr.

Við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda að einhverjum hluta mjólk eða mjólkurafurðir, kjöt eða egg, er unnt vegna verðjöfnunar að fá greitt sem samsvarar mismun á verði viðkomandi hráefna á heimsmarkaði og innanlands. Til að verðjöfnun nái til vörunnar skal hún falla undir eftirfarandi vöruliði og tollskránúmer sbr. viðauka I við lög nr. 55/1987 með síðari breytingum:

0403.1011	0403.9014	1604.xxxx	1902.3041	2104.1012
0403.1012	0403.9019	1901.2023	1902.4021	2104.1021
0403.1013	0403.9021	1901.2024	1905.9051	2104.1022
0403.1019	0403.9022	1902.2021	1905.9059	2104.2001
0403.1021	0403.9029	1902.2022	1905.9090	2104.2002
0403.1022	1517.1001	1902.2031	2103.9051	2106.9059
0403.1029	1517.9002	1902.2041	2103.9052	2202.9001
0403.9011	1601.0022	1902.2042	2104.1002	
0403.9012	1601.0023	1902.3021	2104.1003	
0403.9013	1602.xxxx	1902.3031	2104.1011	

Greiðsla verðjöfnunar fyrir ofangreindar vörur fer eftir því magni landbúnaðarhráfnis sem notað er við framleiðslu viðkomandi vöru og verðjafnað er fyrir sbr. 2. gr. Þó er ekki heimilt að verðjafna ef magn sérhverrar hráfnistegundar er umfram 60% af heildarþunga.

2. gr.

Viðmiðunarverð sem notað er við ákvörðun upphæðar verðjöfnunar á hverja tegund hráefnis grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðar-afurða:

Landbúnaðarhráfni	Innlent viðmiðunarverð	Erlent viðmiðunarverð
	kr./kg	kr./kg
Mjólk	46,44	20,47
Undanrenna	45,04	15,12
Rjómi 36%	424,20	177,31
Nýmjólkurduft	244,45	146,16
Undanrennuduft	245,92	145,42
Smjör	181,81	151,29
Ostur	463,46	140,76
Egg, skumlaus	200,53	72,00
Nautgripakjöt, beinlaust	559,00	149,13
Kindakjöt, beinlaust	486,20	97,71
Svínakjöt, beinlaust	455,00	138,85
Kjúklingakjöt, beinlaust	603,25	110,87
Hrossakjöt, beinlaust	239,20	90,00

3. gr.

Sækja skal um heimild til verðjöfnunar til landbúnaðarráðuneytisins vegna þeirrar vöru sem fyrirhugað er að flytja út. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði skal innihalda upplýsingar um hráefnanotkun, samsetningu og tollflokkun vörunnar, uppruna hennar, útflutningsverð, útflytjanda, útflutningsstað, viðtökuland (lönd) og áætlun um sölumagn. Ráðuneytið heimilar greiðslu verðjöfnunar fyrir viðkomandi vöru með áritun á útflutningsskjöl eða með sérstakri heimild er gildir fyrir ákveðið framleiðslumagn og/eða í ákveðinn tíma, þó ekki lengur en eitt ár frá útgáfudegi. Landbúnaðarráðuneytið skal senda afrit af heimildum þessum til embættis ríkistollstjóra og tollstjóra í því tollumdæmi þar sem útflutningur á sér stað.

4. gr.

Útflytjendur skulu láta ráðuneytinu í té sýnishorn af vörum sem verðjöfnun nær til, sé þess óskað. Ennfremur skulu framleiðendur viðkomandi vöru halda nákvæmt bókhald yfir magn og verð þeirra hráefna sem notuð eru til framleiðslunnar og láta þær upplýsingar í té, sé þess óskað. Útflytjanda ber skylda til að tilkynna breytingar á hráefnisnotkun til landbúnaðarráðuneytisins sem gefur út nýja heimild til verðjöfnunar ef ástæða er til. Einnig skal tilkynnt ef framleiðslu viðkomandi vöru hefur verið hætt.

5. gr.

Tollstjórar skulu annast greiðslu verðjöfnunar.

Útflytjandi skal sækja um greiðslu verðjöfnunar á þar til gerðu eyðublaði um leið og útflutningsskjöl eru lögð fram hjá tollstjóra. Í umsókninni skal koma fram tilvísunarnúmer vegna heimildar til verðjöfnunar. Greiðsla verðjöfnunar skal eiga sér stað innan viku frá því að fullnægjandi gögn hafa borist tollstjóra, sbr. reglugerð nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra. Tollstjóri getur krafist annarra gagna sem hann telur nauðsynleg.

Upphæð verðjöfnunar skal reiknuð samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru er útflutningur átti sér stað.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. og 70. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 73. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Greiða skal verðjöfnun vegna útflutnings á vörum fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skv. ákvæðum reglugerða nr. 66/1995 og 69/1995.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. maí 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Jón Höskuldsson.